

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 23. apríl 2019.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands og Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs. Björk setti fundinn kl. 9:40. Sigrún Vésteinsdóttir (SV) var fundarritari.

1. Nýr starfsmaður Sprotasjóðs

Nýr starfsmaður sem mun sjá um umsýslu Sprotasjóðs tekur til starfa 2. maí. Ákveðið var að BÓ og SI myndu hafa fund á Akureyri með nýjum starfsmanni 8. maí.

2. Verklag umsóknartímabil, öndvegisstyrkir

Rætt var stuttlega um umsóknartímabil næsta árs. Nú í ár var opnaði fyrir umsóknir í desember en það var gert til prufu. Ákveðið var að á næsta ári yrði þetta aftur eins og það var, að opnað verði fyrir umsóknir í kringum 10. janúar og það standi til 28. febrúar.

Sprotasjóður vill hafa það sem reglu að umsækjendum sé tilkynnt um styrkveitingu í byrjun apríl eða í seinasta lagi í kringum 10. apríl. Lagt var til að í nóvember 2019 liggi fyrir tímalína um verklag sjóðsins fyrir komandi úthlutunarár.

Mikill vilji er fyrir því innan stjórnar Sprotasjóðs að efla samstarf sjóðsins við Grunn, Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í leikskólum og Skólameistarafélag Íslands um það hvernig megi efla samvinnu og búa til samráðsvettvang milli þessara aðila varðandi umsóknir til Sprotasjóðs. Ákveðið var að BÓ muni fyrir hönd stjórnar boða fulltrúa þessara félaga til fundar. Lagt er til að fundurinn verði haldinn í vikunni 27. -31. maí.

AMG sagði frá því að Kennarasambandið væri með nokkra Facebook hópa í gangi sem væru nýttir til að miðla upplýsingum og efla samskipti. Stjórn Sprotasjóðs vill skoða að það verði stofnuð Facebook síða fyrir Sprotasjóð. Þá síðu mætti þá e.t.v. nýta sem samráðsvettvang fyrir skóla til að ræða saman og mynda samvinnu um verkefni. Lagt var til að slík síða yrði þá tilbúin með haustinu. AMG stakk upp á í framhaldi af þessari umræðu að stjórnin myndi boða til sín á fund fulltrúa frá útgáfusviði KÍ til að ræða hvernig væri best að setja slíka síðu upp og einnig hvernig mætti bæta upplýsingaflæði sjóðsins til skólanna.

JTJ hefur sett fram tillögu þess efnis að veittir verði öndvegisstyrkir innan Sprotasjóðs. Verkefni sem hljóta öndvegisstyrki eru þá stærri verkefni sem ná yfir lengra tímabil, fela í sér samstarf margra aðila, skóla og nær þvert yfir skólastigi sem dæmi. Stjórn sjóðsins fagnar þessu og vill að þetta verði unnið áfram. Ákveðið var að SDP og BÓ myndu vinna málið innan ráðuneytisins og koma á framfæri óska um aukið fjármagni í sjóðinn til slíkra verkefna og jafnframt að tengja þetta við 10 ára afmæli sjóðsins.

3. Hugmyndir um bætt upplýsingaflæði o.fl.

Stjórn hefur rætt talsvert um að bæta þurfi upplýsingaflæði til skóla um sjóðinn og tilgang hans. Ein hugmynd í þá veru er að koma á fót Facebook síðu fyrir sjóðinn. Jafnframt að vinna í því að koma á samráðsvettvangi við Grunn og félög skólastjórna á öllum skólastigum eins og rætt hefur verið.

4. 10 ára afmæli sjóðsins

Rætt var um hvort hægt væri, í tilefni af afmæli sjóðsins, að láta gera einhverskonar samantekt um starf sjóðsins og það hverju þróunarverkefni sem hann hefur styrkt hafi skilað inn til skólanna. Rætt var að skoða þetta nánar á fundi stjórnar í ágúst.

5. Menntaverðlaunin og aðkoma Sprotasjóðs

BÓ sagði frá því að á degi kennara 5. október næstkomandi þá verður sagt frá því hverjir eru tilnefndir til menntaverðlaunanna og í nóvember verður efnt til hátíðar þar sem tilkynnt verður um hver hlýtur menntaverðlaunin í ár. BÓ vill að lagt verði upp með að Sprotasjóður geta tilkynnt um áherslusvið sjóðsins á þessari hátíð. Ákveðið var að í byrjun hausts verði búið að ræða áherslusvið sjóðsins og ákveða hver þau verði fyrir næsta úthlutunartímabil 2020-2021.

Aðeins var rætt um það innan stjórnar hvort eðlilegt sé að fulltrúi Sprotasjóðs eigi sæti í þeirri nefnd sem tilnefnir til menntaverðlauna en það er eitthvað sem á eftir að skoða og ræða betur innan ráðuneytisins.

Stjórnarmenn ræddu um að gott væri að fara að huga að því að afla hugmynda að áherslusviðum innan síns baklands.

6. Önnur mál

Þarf að skoða hvort að Sprotasjóður vilji færa sig meira inn á þá braut að styðja við starfsþróun kennara en það er eitthvað sem þarf að skoða og taka ákvörðun um. Fyrir næsta úthlutunartímabil þá vill stjórn sjóðsins skoða betur úthlutunarreglur sjóðsins og hvað sjóðurinn styrkir og hvað ekki.

Rætt var um að umsýsluaðili myndi kortleggja þá sjóði sem skólar geta sótt í og setja upp í töflu til upplýsinga fyrir umsækjendur. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða aðeins betur og ræða við umsýsluaðila. Flestir þeir sjóðir sem skólar og kennarar geta sótt í eru undir heimasíðum Rannís, KÍ og Sambandsins. Hugmyndin væri þá að fara inn á þessar síður og taka saman yfirlitstöflu sem gæti verið inn á heimasíðu Sprotasjóðs.

JTJ vill að stjórn Sprotasjóðs ræði betur hvað er átt við með hugtakinu „Sproti“ og þá hvort styrkja megi undirbúning fyrir verkefni þegar sótt er um slíkt í umsóknum til sjóðsins. Einnig þarf að skoða betur hvað sjóðurinn á við með virkni nemenda og hvað felst í því. Stjórn sjóðsins ætlar að taka saman leiðbeiningar til umsækjenda varðandi það hvað Sprotasjóður styrkir og hvaða viðmið umsóknir þurfi að uppfylla. Lagt er upp með að leiðbeiningarnar verði tilbúnar í haust.

AMG kynnti stuttlega nýjan sjóð, Rannsóknarsjóð, sem er á vegum KÍ.

Fundi slitið kl. 15:25